

Fundargerð 15. til staðfestingar:

Fundargerð 15. fundar verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar

Haldinn hjá uos og á Teams 24. apríl 2026 kl. 13 – 15

Dagskrá:

1. Fundargerð 14. fundar

Fundargerð staðfest.

2. Fjárhagsáætlun rammaáætlunar og tillögur faghópa að rannsóknum

Fyrirliggjandi eru óskir faghópa um rannsóknir, að mestu rannsóknir sem út af stóðu frá síðasta tímabili. Verkefnisstjórn tekur jákvætt í þær hugmyndir að rannsóknum sem liggja fyrir en óskar eftir nánari skiptingu verkefna á milli ára og kostnaðartölum við hvert ár. Þá hvetur verkefnisstjórn faghópa til að fara betur yfir mögulega samlegt í rannsóknum er varða Vaðöldu.

Einnig rætt um bráðabirgðaákv. í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt voru 19. febrúar sl. (10. gr.) þar segir að Náttúrufræðistofnun skuli innan þriggja ára frá gildistöku þessa ákvæðis vinna samantekt á jarðhitasvæðum, ám, vatnsföllum eða vatnasviðum landsins sem hafa hátt verndargildi með tilliti til laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, en geta borið virkjun umfram 10 MW að uppsettu rafafli eða uppsettu varmaafli 50 MW eða meira og ekki hafa verið flokkuð í nýtingarflokk eða biðflokk gildandi verndar- og orkunýtingaráætlunar. Samantektin skal ekki taka til þeirra svæða sem berast verkefnisstjórn til meðferðar eftir gildistöku ákvæðis þessa. Samantektin skal byggjast á gögnum sem þegar liggja fyrir um svæðin. Að fenginni samantekt Náttúrufræðistofnunar getur ráðherra lagt til að umrædd svæði eða ákveðinn hluti þeirra falli í verndarflokk áætlunarinnar. Leggi ráðherra til að umrædd svæði falli í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt þessu ákvæði skulu tillögurnar kynntar almenningi í samræmi við 3. mgr. 10. gr.

Niðurstöður þessarar vinnu geta haft áhrif á vinnu verkefnisstjórnar.

3. Gögn á Teams svæði verkefnisstjórnar

Rán kynnti hvernig hún er að þróa Teams svæði verkefnisstjórnar og faghópa. Einnig rætt lítillga um nýja heimasíðu sem er í undirbúningi.

4. Vettvangsferð 5. júní

Áformað er að fara að Vaðöldu, verkefnisstjórn og faghópar. Rán hefur verið í sambandi við Landsvirkjun um undirbúning. Rætt var um tilhögun ferðarinnar.

5. Önnur mál

Pétur vakti athygli á úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála nr.156/2025

Fundur slitið kl.14.30